

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0050
BK

Efni: Ferðaþjónusta á Norður- og Suður-Fossi í Mýrdal - Matsskyldufyrirspurn

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 13. febrúar 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna ferðaþjónustu á Norður- og Suður-Fossi í Mýrdal.

Rekstraraðili ferðaþjónustunnar á Norður- og Suður-Fossi í Mýrdalshreppi áformar að stækka aðstöðu fyrir gistirými og þjónustu. Í dag eru 250 gistirými á jörðunum en áætlað er að byggja í áföngum eitt hótél með allt að 550 gistirýmum svo samtals verði á svæðinu 800 gistirými. Stærð svæðisins helst óbreytt eða 13,2 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í greinargerðinni er farið yfir helstu þætti sem fyrirhuguð framkvæmd mun hafa áhrif á og tekur Náttúrufræðistofnun undir þá niðurstöðu að helstu neikvæðu áhrifin munu vera á landslag og ásynnd.

Stofnunin telur ekki nauðsynlegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum en þó skal bent á að athuganir Náttúrufræðistofnunar hafa sýnt að þéttleiki fugla er mikill á öllu flatlandinu norðan Dyrhólaóss. Rekstraraðilar eru því hvattir til þess að taka tillit til fuglalífs þegar kemur að framtíðaráformum og m.a. gæta þess að fjölgun gesta fylgi ekki aukin truflun fyrir fugla á varptíma.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

